

Reykjavík, 13. desember 2023

Alþingi

Nefnda- og greiningarsvið

[nefnadasvid@althingi.is](mailto:nefnadasvid@althingi.is)**Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um sérstakan skatt á fjármálafyrirtæki, nr. 155/2010 (hækkun bankaskatts)<sup>1</sup>**

Bankasýsla ríkisins þakkar efnahags- og viðskiptanefnd fyrir tækifæri til að koma á framfæri ábendingum vegna fyrirbyggjandi frumvarps (þingskjal 389 — 378. mál). Þær ná einungis til 1. gr. frumvarpsins, þar sem lagt er til að gjaldhlutfall skv. 4. gr. laganna verði 0,838%, í stað 0,145%.

Bankasýsla ríkisins telur varhugavert að hækka gjaldhlutfallið, eins og lagt er til í frumvarpinu. Vísar stofnunin þá til fyrri umsagna og kynninga hennar um bankaskattinn fyrir nefndina:

- Umsögn um frumvarp til laga um tekjuaðgerðir frumvarps til fjárlaga fyrir árið 2014 (tekjuskattur einstaklinga, virðisaukaskattur, launatengd gjöld og skattar á fjármálafyrirtæki). 29. október 2013.<sup>2</sup>
- Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um sérstakan skatt á fjármálafyrirtæki, nr. 155/2010, með síðari breytingum (skatthlutfall). 10. október 2019.<sup>3</sup>
- Kynning fyrir efnahags- og viðskiptanefnd: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um sérstakan skatt á fjármálafyrirtæki, nr. 155/2010, með síðari breytingum (skatthlutfall). 24. október 2019<sup>4</sup>
- Kynning fyrir efnahags- og viðskiptanefnd: Sala eignarhluta ríkisins í Íslandsbanka hf., bls. 17-19. 24. febrúar 2022.<sup>5</sup>

Þrátt fyrir það að breyting á gjaldhlutfalli muni leiða til hækkunar á tekjum ríkissjóðs, þá telur Bankasýsla ríkisins að hún muni einnig leiða til mikillar lækkunar á verðmæti hluta í viðskiptabönkum þ.m.t. eignarhluta ríkisins í Íslandsbanka hf. og Landsbankanum hf., og rýra trúverðugleika ríkisins á fjármálamarkaði sem seljanda eignarhluta. Þá mun hækkun gjaldhlutfalls minnka samkeppnishæfi, útlánagetu og viðnámsþrótt bankanna, sem þegar sæta hærri gjaldtöku og eiginfjárkröfum en viðskiptabankar í öðrum Evrópulöndum.

Virðingarfyllst,

---

Tryggvi Pálsson, formaður stjórnar

---

Jón G. Jónsson, forstjóri

---

<sup>1</sup> Sjá <https://www.althingi.is/alttext/pdf/154/s/0389.pdf>.<sup>2</sup> Sjá <https://www.althingi.is/alttext/erindi/143/143-78.pdf>.<sup>3</sup> Sjá <https://www.althingi.is/alttext/erindi/150/150-124.pdf>.<sup>4</sup> Sjá <https://www.althingi.is/alttext/erindi/150/150-224.pdf>.<sup>5</sup> Sjá <http://www.bankasysla.is/fjolmidlar/frettir/nr/415/>.